



- ISO 31000 -

Áhættustjórnun með hliðsjón af ISO 31000

Áhættustjórnunarstaðallinn ISO 31000:2009 *Risk Management – Principles and guidelines* inniheldur safn skilgreininga, hugtaka, meginreglna og leiðbeininga fyrir skilvirka áhættustjórnun. Honum má beita fyrir allar tegundir áhættu og í öllum fyrirtækjum. Staðallinn gefur gott yfirlit um ramma og ferli áhættustjórnunar. Innleiðing hans er sniðin að hverju fyrirtæki og þörfum þess. Staðallinn er ekki kröfustaðall heldur hugsaður til að falla að stjórnunarkerfum fyrirtækis sem fyrir eru, eins og til dæmis gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001.

Staðlaráð mun halda námskeið um áhættustjórnun 2. mars næstkomandi: Áhættustjórnun með hliðsjón af ISO 31000. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur þekki uppbyggingu ISO 31000 og kunni að beita staðlinum við að koma á ramma fyrir áhættustjórnun og gera áhættumat. Auk þess að fjalla um uppbyggingu og áherslur ISO 31000 og notkun staðalsins við gerð áhættumats er farið yfir tengsl hans við staðalinn ISO 31010 *Risk management - Risk assessment techniques*. Nánari upplýsingar um námskeiðið er að finna á heimasíðu Staðlaráðs, www.stadlar.is.

Áhætta og tækifæri

„Áhætta er afleiðing þess að þú veist ekki hvað þú ert að gera“ sagði fjárfestirinn Warren Buffet eitt sinn. Þessi fullyrðing Buffet lýsir ágætlega hvað felst í áhættustjórnun. Það er að vita hvað maður er að gera og auka þannig líkur á að ná settum markmiðum. Við könnumst öll við þetta úr daglegu lífi. Ætli maður að ná tilætluðum árangri verður maður að einbeita sér að undirbúningi og framkvæmd þess verkefnis sem um ræðir.

Það er til dæmis mikill munur á því að keyra bíl að sumri í góðu veðri eða í erfiðu færi með hálfu og sviptivindum að vetri. Í fyrra dæminu er góðar líkur á að við komumst á leiðarenda en í því seinna er uppi talsverð óvissa um hversu langt við komumst og hvort við komumst á leiðarenda. Staðlaða skilgreiningin á áhættu er:

„Áhrif óvissu á markmið.“

Vonin um að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið er það sem drífur okkur áfram. Það setur mark sitt á alla okkar hegðan í lífinu. Sama má segja um þær skipulagsheildir sem við vinnum hjá eða með. Síðustu áratugir hafa einkennst af upptöku margskonar stjórnunarkerfa innan skipulagsheilda, á sviði gæða, umhverfis, öryggis, eigna o.s.frv. Öll þessi stjórnunarkerfi gera kröfu um að mótuð sé stefna, að sett séu markmið og að nauðsynlegum ferlum sé komið á. Aðeins þannig getur tilætlaður árangur náðst. Leiðin að markmiðunum getur verið auðveld og legið beint við, og allt gengur upp. Eins og í akstri að sumri til. En fljótt skipast veður í lofti og á skellur vetur með sínum „ófyrisjáanleika“, erfiðu og stundum löngu hjáleiðum.

Áhættustjórnun er verkfæri til að bregðast við vetri jafnt sem sumri. Því þegar betur er að gáð ráðast aðstæður af árstíðabundnum sveiflum og í raun kemur fátt á óvart í þessari dæmisögu. Áhættan kann að felast í því að við séum stundum óviðbúin aðstæðum. Góður bílstjóri beitir áhættugrundaðri hugsun, undirbýr ferðalagið og farartækið, fylgist með færð og veðri. Á því byggir hann mat sitt á því hvort haldið skuli af stað eða ekki. Stór rúfufyrirtæki ganga mögulega lengra og formgera ferlið og koma



Sveinn V. Ólafsson,
verkfræðingur.

upp áhættustjórnun fyrir allan flotann. Slík fyrirtæki þurfa góða stjórn á sínum daglega rekstri í nafni öryggis, áreiðanleika og fjárhagslegs ávinnings. Flóknari rekstur, eins og rekstur flugfélaga, krefst enn öflugri kerfa, ekki síst með tilliti til öryggis.

Áhættu fylgja gjarnan tækifæri sem fela í sér ávinning. Áhættustjórnun er frá því sjónarmiði einnig tækifærisstjórnun.

Staðlar um ævintýraferðir - bls. 2

Staðall gegn mútum - bls. 3

Námskeið á vorönn - bls. 4

- Ferðapjónusta -

Alþjóðlegir staðlar um ævintýraferðir



Ævintýraferðir af ýmsu tagi fara vaxandi víða um heim, hvort sem um er að ræða ferðir sem seldar eru af ferðapjónustufyrirtækjum með hagnað í huga eða ferðir á vegum annarra. Slíkar ferðir fela gjarnan í sér þrautir og áhættu sem liggja fyrir áður en lagt er af stað. Að taka ásættanlega áhættu er hluti af skemmtuninni en felur þá líka í sér hættu, eins og gefur að skilja. Til að skemmtunin geti orðið sem best þurfa þeir sem bjóða ævintýraferðir að gera eins miklar öryggisráðstafanir við skipulagningu þeirra og framkvæmd og kostur er.

Staðlaröð og handbók

Alþjóðlegi staðallinn ISO 21101 *Adventure tourism – Safety management systems – Requirements* (Ævintýraferðapjónusta – Öryggisstjórnunarkerfi – Kröfur) hefur þann tilgang að setja fram lágmarkskröfur sem gera þarf til öryggisstjórnunarkerfis þeirra sem bjóða upp á ævintýraferðir. Staðallinn tiltekur hvernig fyrirtæki af því tagi skuli reka og stýra starfsemi sinni með tilliti til öryggis. Alþjóðlegu staðlasamtökin ISO

hafa jafnframt gefið út handbók með leiðbeiningum um notkun staðalsins. Heiti bókarinnar er ISO 21101 - *Adventure tourism – Safety management systems – A practical guide for SMEs*. Bókina er hægt að panta hjá Staðlaráði.

Í sömu staðlaröð eru tvö önnur skjöl um sama efni. Annars vegar tækniskýrslan ISO/TR 21102, sem fjallar um æskilega hæfni þeirra sem leiða ævintýraferðir, að köfunarferðum undanskildum, en um slíkar ferðir er fjallað í sérstökum stöðlum. Fullt heiti tækniskýrslunnar er ISO/TR 21102 *Adventure tourism – Leaders – Personnel competence*. Hins vegar er það staðallinn ISO 21103 *Adventure tourism – Information for participants*. Eins og heitið gefur til kynna, tiltekur staðallinn þær lágmarksupplýsingar sem þurfa að liggja fyrir áður en lagt er af stað, bæði af hálfu þátttakenda í ævintýraferðum og þeirra sem sjá um og bjóða ferðirnar.

Allir nefndir staðlar eru fáanlegir í Staðlabúðinni á vef Staðlaráðs, www.stadlar.is. Til

að finna tiltekinn staðal er einfaldast að slá inn númer hans í viðeigandi reit. Til dæmis: 21101 til að finna þann fyrsta af ofantöldum stöðlum, en þeir eru:

- ISO 21101:2014 *Adventure tourism – Safety management systems – Requirements*
- ISO/TR 21102:2013 *Adventure tourism – Leaders – Personnel competence*
- ISO 21103:2014 *Adventure tourism – Information for participants*

Það er kunnara en frá þurfi að greina, að vöxtur í íslenskri ferðapjónustu hefur verið gríðarlegur á umliðnum örfáum árum, og óhætt að tala um að sprenging hafi orðið. Vöxturinn reynir óhjáskemilega á með margvíslegum hætti og krefst fjölbreyttra aðgerða á mörgum sviðum, þar á meðal agaðri og faglegru vinnubragða. Í þeim efnum eru staðlar dýrmæt verkfæri. Auk alþjóðlegra staðla er að finna í Staðlabúðinni á vef Staðlaráðs fjölmarga íslenska og alþjóðlega staðla sem varða ferðapjónustu.

- ISO 37001 -

Stjórnkerfisstaðall gegn mótugreiðslum



Mútur í margvíslegum myndum eru mútbreitt fyrirbæri um allan heim, og alvarlegt félagslegt, efnahagslegt, pólitískt og siðferðilegt áhyggjuefni. Mútur grafa undan góðri stjórnsýslu, standa í vegi fyrir framþróun og hamla heilbrigðri samkeppni. Slíkar greiðslur ýta undir óréttlæti, mannréttindabrot og fátækt. Mútur draga úr trausti á stofnunum samfélagsins og milli manna. Í viðskiptum auka mútur kostnað og hækka verð á vöru og þjónustu jafnframt því að draga úr gæðum.

Alþjóðlegir staðlar

Af þessum ástæðum hafa stjórnvöld margra ríkja tekið höndum saman um að vinna gegn þessari tegund spillingar með

alþjóðlegum samningum. Ísland er til að mynda aðili að samningi OECD um baráttu gegn mótugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum. Í inngangi samningsins er lögð áhersla á að mútur séu útbreitt vandamál í alþjóðlegum viðskiptum, þær grafi undan góðum stjórnarháttum, skekki samkeppnisstöðu og dragi úr almennri hagsæld.

Viðspyrna stjórnvalda gegn mútum dugar augljóslega ekki ein og sér. Atvinnulífið, fyrirtækin sjálf, verður líka að taka til hendinni og berjast gegn þeim skaðvaldi sem mútur eru. Alþjóðlegu staðlasamtökin ISO hafa lagt sitt af mörkum og gáfu á liðnu ári út staðalinn ISO 37001 *Anti-bribery management systems – Requirements*

with guidance for use. Eins og heitið gefur til kynna er hér um að ræða stjórnkerfisstaðal sem dregur upp kröfur sem skilvirkt stjórnunarkerfi fyrirtækis eða stofnunar þarf að uppfylla ef það vill hindra mútur. Jafnframt eru í staðlinum leiðbeiningar um innleiðingu, starfrækslu og viðhald slíks stjórnunarkerfis. Staðallinn er þannig gerður að fella má stjórnunarkerfi samkvæmt honum inn í það stjórnunarkerfi sem fyrir er í viðkomandi stofnun eða fyrirtæki. Af staðlinum má ráða að mútur geta birst í afar fjölbreytilegum myndum, sem vert er að kynna sér.

Staðallinn ISO 37001 fæst í Staðlabúðinni á vef Staðlaráðs, www.stadlar.is

Áhættustjórnun

Námskeið 2. mars

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur þekki uppbyggingu ISO 31000 og kunni að beita staðlinum við að koma á ramma fyrir áhættustjórnun og gera áhættumat. - Lögð er áhersla á áhættustjórnun sem hluta stjórnunarkerfis, til dæmis samkvæmt ISO 9001.

Auk þess að fjalla um uppbyggingu og áherslur ISO 31000 og notkun staðalsins við gerð áhættumats er farið yfir tengsl hans við staðalinn ISO 31010.

NÝTT NÁMSKEIÐ



- Vorönn 2017 -

Námskeið Staðlaráðs

Á vef Staðlaráðs, www.stadlar.is, er hægt að skilja eftir nafn og tölvupóstfang á póstlista og fá tilkynningu þegar skráning hefst á hvert námskeið um sig. – Auk almennra námskeiða býður Staðlaráð fyrirtækjum og stofnunum upp á sérnámskeið.

2. mars:

Áhættustjórnun með hliðsjón af ISO 31000

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur þekki uppbyggingu ISO 31000 og geti beitt staðlinum við að gera ramma fyrir áhættustjórnun og við áhættumat.



23. mars:

ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlarnir - Lykilatriði, uppbygging og notkun

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geti gert grein fyrir megináherslum og uppbyggingu kjarnastaðlanna í ISO 9000 röðinni og þekki hvernig hægt er að beita þeim við að koma á og viðhalda gæðastjórnunarkerfi.

3. maí:

CE merking véla - hvað þarf að gera og hvernig?

Námskeið fyrir framleiðendur og innflytjendur véla. Markmiðið er að þátttakendur verði færir um að greina hvort vörur falli undir véltilskipun ESB og læri hvernig á að CE-merkja slíkar vörur.

Haustönn 2017:

Stjórnun upplýsingaöryggis samkvæmt ISO/IEC 27001 - Lykilatriði, uppbygging og notkun

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geti gert grein fyrir lykilatriðum staðlanna ISO/IEC 27002 og ISO/IEC 27001 og þekki hvernig þeim er beitt við stjórnun upplýsingaöryggis í fyrirtækjum og stofnunum.

Innri úttektir með hliðsjón af ISO 19011

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur skilji til hlítar tilgang og ferli innri úttekta á stjórnunarkerfum með hliðsjón af ISO 19011, geti gert grein fyrir mikilvægustu atriðum slíkra úttekta og séu að loknu námskeiðinu færir um að framkvæma innri úttekt í samvinnu við reyndan úttektarmann.



Staðlar létta þér lífið...

... þegar þú ferð til læknis.

ÍST EN ISO 11608-1:2015 *Nálarsprautukerfi til nota við lækningar - Kröfur og prófunaræðferðir – Hluti 1: Nálarsprautukerfi* er einn margra alþjóðlegra staðla sem staðfestir hafa verið sem íslenskir staðlar.

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.